

Starfsáætlun leikskólans
Vallar
fyrir skólaárið 2023-2024



Um leikskólann

Leikskólinn Völlur er til húsa að Keilisbraut 774. Skólastjóri á komandi starfsári er Hulda Björk Stefánsdóttir. Skólaárið 2023 til 2024 er 16 starfsár leikskólans. Leikskólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjanesbæ.

Starfsáætlun þessi tekur gildi þann 1. september 2023 og er skilað til Hjallastefnunnar ehf. og Reykjanesbæjar.

Tölulegar upplýsingar - börn

Þann 1. okt eru 104 nemendur komnir skólaárið 2023 – 2024. Í dag eru 46 stúlkur og 58 drengir. Dvalarstundir eru ekki enn endanlega fastsettar svo snemma að hausti en að svo stöddu eru flest börnin í 8 tíma vistun.

Fjöldi þeirra barna sem fyrirsjáanlegt er að njóta sérkennslu skólaárið 2023-2024, 6 drengir og 2 stúlkur. Áætlaður fjöldi tví-fjölyngd barna eru 70 af 104 sem er um 70% . Öll þessi börn fá markvissa málörvun í hópátíma. Þau allra slökustu, sem eru ekki nú þegar að fá sérstaka þjálfunarstundir vegna greininga fá sérstaka málörvun í sérkennslu hjá sérkennslustjóra, verkefnastjóra Fjölmennningar og talmeinafræðing, eru ca.20 börn þar sem unnið er að hluta í litlum hópum sem og einstaklingsþjálfun. Í leikskólanum eru börn af 23 þjóðerni og ekki útilokað að þeim fjölgi.

Starfsmannamál

Þann 1. okt eru starfandi við skólann 30 starfsmenn, þar af eru 27 í 100% starfi en 3 í hlutastarfi eða í námi. Þetta getur þó breyst þegar vistunartími barna og öll börn komin inn og þörf fyrir sérkennslu hefur verið metin. Hjallastefnan stendur fyrir öflugu samstarfi allra Hjallastefnuskóla um starfsþróun og símenntun starfsfólks en að auki gefst starfsfólki kostur á að sækja sér menntun og starfsþekkingu úr öðrum áttum og hvetur leikskólinn Völlur starfsfólk sitt eindregið til þess. Um starfsþróun og símenntun má nánar lesa í símenntunaráætlun leikskólans.

Faglegar áherslur

Leikskólinn Völlur starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Hugmyndafræðin byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð og henni er lýst í skólanámskrá leikskólans, í bókinni „Æfingin skapar meistarann“ eftir Margræti Pálu Ólafsdóttur höfund stefnunnar, í ýmsum ritum útgefnum af Hjallastefnunni ehf. og á fræðsluvef félagsins.

Leikskólinn starfar að sjálfsögðu einnig á grundvelli Aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 og er útfærslum á markmiðum hennar lýst í skólanámskrá leikskólans.

Auk Hjallastefnunnar og lögbundinna áherslupátta í Aðalnámskrá leikskóla á leikskólinn Völlur sér sínar sérstöku áherslur:

Framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Í framtíðarsýninni er lögð áhersla á að leggja grunn að bættum árangri barna í læsi og stærðfræði. Einnig er lögð enn frekari áhersla á að

auka samvinnu milli leikskóla og annarra skólastiga. Í tengslum við framtíðarsýn Reykjanesbæjar höfum við á Velli lagt áherslu á að efla læsi og stærðfræði með áætlun til að efla og virkja kennara. Sem dæmi eru fastar Lubbastundir og hreyfistundir í sal skólans.

Fjölmenning og myndbandið Orð skipta máli

Þann 10.mars 2022 var frumsýnt í Hljómahöll myndband sem leikskólinn gerði en leikskólinn fékk úthlutað styrk til þess úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði Reykjanesbæjar. Markmiðið með myndbandinu er að efla fræðslu til foreldra og stuðla að því að þeir verði virkari í læsisuppeldi barna sinna. Verkefnið er einn liður í því að takast á við þá áskorun að efla málþroska, orðaforða og læsi nemenda þegar tæp 70% barnanna í leikskólanum eru annað hvort tví- eða fjöltyngd. Myndbandið er textað á íslensku, pólsku, ensku og arabísku. Og í framhaldi af því var tekinn ákvörðun að vinna áfram með verkefnið en snúa því nú að nemandanum sjálfum og ætlum við að gera með leiklistarívafi. Erum búin að fá upplestur frá Höllu Karen til að leiðbeina kennurum hvernig má gleðja lestur með látbragði og söng. Þetta verkefni mun þróast áfram hjá okkur skólaárið 2023-2024. Tengist mjög vel því verkefni sem unnið er með Reykjanesbæ og Birte.

Þróunarverkefni sem unnið er með öllum leikskólum Reykjanesbæjar með Birte þar sem unnið er með sögur og söng. Starfsmannahópurinn hefur fengið glærur og myndbönd til kennslu en unnið er að því að finna dagsetningu fyrir hópinn með Birte.

Faglegar áherslur

Fjölmenning og læsis- og stærðfræðiáætlun Vallar

Til þess að koma á mótis við stærstu áskorun starfsfólks á Velli þ.e. fjölmenninguna og til þess að starfið verði sem markvissast hvað varðar að efla málþroska og læsi var ákveðið að útbúa læsis- og stærðfræðiáætlun fyrir leikskólann. Þannig var hægt að samræma vinnubrögð um allan skólann. Áætlunin fylgir lotum Hjallastefnunnar frá september fram í maí, hún inniheldur m.a. staf vikunnar, hugmyndir að þulum, söngvum og orðaforða o.fl. Fulltrúar frá hverri einingu eiga örfundi vikulega með verkefnisstjóra fjölmenningar og sérkennslustjóra til að fylgja áætluninni eftir.

Önnur áskorun sem starfsfólk tekst á við er að ná til foreldra þegar heimsfaraldur geysar og venjulegur samstarfsgrundvöllur er ekki fyrir hendi. Því var ákveðið að þýða Læsis- og stærðfræðiáætlunina yfir á ensku og pólsku. Áætlunin er síðan hengd vikulega upp í fataklefanum ásamt því að foreldrar fá hana senda heim í föstudagspósti.

Þróunarverkefnið „Hvar stend ég?“

Fyrirhugað var að útbúa yfirlit og gátlista sem fylgja mundi hverju barni þau ár sem það er í leikskólanum, auk þess að útbúa gögn fyrir kennara til þess að auðvelda þeim að fylla út gátlistana.

Markmið verkefnisins var að gera kennara, faglærða sem og ófaglærða öruggari með það sem börn ættu að vera búin að tileinka sér í málþroska á hverju aldursári í leikskóla. Ávinningur fyrir skólasamfélagið verður að efni tengt málþroska verði aðgengilegt kennurum sem starfa með börnum á þessu mikla mótunardri sem leikskólinn er. Einnig að hægt verði að nýta efnið til ráðgjafar og stuðnings við foreldra í uppeldi barna sinna, t.d. með því að leiðbeina foreldrum með ákveðið námsefni tengt sínu barni.

Áætlað var að verkinu yrði lokið á vorönn 2023.

Í framhaldi af vinnunni varðandi verkefnið, Hvar stend ég var tekinn sú ákvörðun að taka inn í skólann Tras efnið sem fer á einfaldan hátt yfir málþroska barna á aldrinum tveggja til fimm ára. Það eru ellefu kennarar komnir með réttindi og ætlunin er að setja öll börn í gegnum Tras.

Tras er byggt á spurningum á skráningarlista sem eru byggðar á niðurstöður rannsókna um þróun málþroska.

Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir almennan þroska.

TRAS- efnið var þróað og samið af sérfræðingum í sérkennslu og talmeinafræði í Noregi og er skráningaraðferðin almennt notuð í leikskólum á Norðurlöndunum.

Á námskeiðinu var rætt um mikilvægi þess að leikskólakennarar og annað fagfólk fylgist vel með þróun málþroska og þátttakendur læri að skrá málþroska ungra barna út frá ákveðnum færnisviðum. Einnig er fjallað um helstu frávik í málþroska og ræddar eru hugmyndir um viðeigandi íhlutun og ráðgjöf til foreldra og forráðamanna.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Vallar.

Mat og umbætur

Leikskólinn Völlur stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem að nokkru er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. s.s. spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis, en að nokkru er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, s.s. gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hver skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlistun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og Menningar- og menntamálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af faggildum aðila árlega.

Samstarf við grenndarsamfélag

Leikskólinn Völlur leggur sig fram um góð samskipti við grenndarsamfélagið. Gott samstarf er við Háaleitisskóla sem er okkar nágrennaskóli sem og við Heilsuleikskólann Skógarás. Einnig er góð samvinna við aðra leikskóla, t.d. í tengslum við Listahátíð barna sem er árlegur viðburður í Reykjanesbæ. Reglulegar heimsóknir eru á Bókasafn Reykjanesbæjar. Elstu börn leikskólans taka einnig þátt í setningu Ljósanætur í

september ár hvert. Auk þess sem fram hefur komið sækja nemendur ýmsar stofnanir heim, t.d. slökkvilið, lögreglu o.fl.

Samstarf við fjölskyldur

Leikskólar Hjallastefnunnar setja samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarnanna í öndvegi. Leikskólinn Völlur stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf leikskólans og heimilisins auk þess sem óreglulegum uppákomum sem tengja fjölskyldur við leikskólann er fagnað. Á komandi skólaári eru fyrirhugað að halda:

- ❖ Foreldrafundi
- ❖ Foreldraviðtöl
- ❖ Sumar -og fjölskylduhátíð
- ❖ Bóndadag (feður, afar, bræður og frændur)
- ❖ Konudag (mæður, ömmur, systur og frænkur)
- ❖ Jólagleði

Foreldraráð tveggja til þriggja foreldra er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Í foreldraráðið er kosið í september ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starsfáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og stendur það fyrir margvíslegum uppákomum sem gleðja börnin s.s. vorhátíð, leikritum og fleiru.

- ❖ Fjölskyldu-og sumarhátíð
- ❖ Jólaleikrit

Upplýsingar um dagsetningar helstu viðburða í foreldrasamstarfi er að finna í meðfylgjandi skóladagatali.

Skóladagatal

Upplýsingar um dagsetningar helstu viðburða í skólastarfinu er að finna í skóladagatali. Það tekur þó einhverjum breytingum sem uppfærðar eru jafn óðum á vefútgáfu skóladagatalsins á Hjallavefnum www.hjalli.is/vollur